

Úthlutunarreglur verkefnisins

Breiðdælingar móta framtíðina,

2017

1. Umsóknum skal skilað á tölvutæku formi Word eða pdf.
2. Þeir sem geta sótt um styrk eru lögráða einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir með heimilisfestu í Breiðdalshreppi.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði um allt sem fram kemur í umsókn og fjallar um verkefnið sem sótt er um styrk til. Að úthlutun lokinni verða birtar opinberlega upplýsingar um heiti þeirra verkefna, sem sóttu um, svo og þau sem eru styrkt, og styrkupp hæð hvers verkefnis. Einnig verða gefin upp nöfn umsækjenda sem fá styrk.
4. Verkefni eða sá hluti verkefnis sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtímaverkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá undirskrift samnings um styrkveitinguna.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega að 3 mánuðum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og samkvæmt samningi. Forsenda greiðsla er að áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt, þangað til skal halda eftir allt að 20% af styrkupp hæð
7. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
8. Til ráðstöfunar eru fimm milljónir króna. Ekki er krafist mótframlags umsækjanda.
9. Við mat á umsóknum verður tekið mið af hversu vel verkefnið fellur að skilaboðum frá íbúáþingi frá 2013 og árlegum íbúafundum eftir það.
http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-lok.pdf
10. Einnig verður tekið mið af:
 - Að útkoma verkefnisins nýtist sem flestum.
 - Að verkefnið trufla ekki samkeppni í sveitarfélaginu.
 - Æskilegt er að verkefnið leiði til atvinnusköpunar á heilsársgrundvelli.
 - Að útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar.
 - Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar.
 - Að áhrifa verkefnis gæti fyrst og fremst í Breiðdalshreppi.
 - Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.
 - Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis, sem sótt er um.